

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]
um rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta ári rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum. Kostnaður, sem af rannsókninni leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hornafjarðarfljót kljúfa sundur byggðina í Austur-Skaftafellssýslu. Tvær leiðir eru farnar yfir þau. Önnur er upp við fjöllin við innstu bæi í héraðinu. Þar liggur leiðin yfir tvær jökulár, sem breyta oft um farvegi. Þess vegna hefur ekki þótt aðgengilegt að brúa Fljótin á þeim slóðum. Hin leiðin liggur um breiðan vatnsfláka í miðju héraði. Þar eru Hornafjarðarfljót 4—5 km á breidd, en straumlítill. Þótt þessi leið sé alloft farin á bifreiðum, þegar vötn eru lítil og ef dýpi er jafnt, en ekki djúpir álar til trafala, þá er hún að jafnaði torfær á bifreiðum og oft ófær svo að vikum skiptir. Á hinn bóginn er þetta stytzta leiðin milli gróðursælla sveita og mundi verða fjölfarnasta leiðin um héraðið, ef takast mætti að vinna bug á þeim mikla farartálma, sem Hornafjarðarfljót eru.

Líkur benda til þess, að kleift sé með viðráðanlegum kostnaði að gera fyrirhleðslur við Hornafjarðarfljót á þessum slóðum, veita þeim á þann hátt í mjóa ála og brúa milli fyrirhleðslna á einum stað eða fleiri.

Sennilegt er, að svo megi haga fyrirhleðslum, að stór landsvæði verði varin ágangi vatna. Mundi þá stækka að miklum mun á fáum árum gróðurlendi sveitanna báðum megin við Hornafjarðarfljót.

Þarna eru staðhættir í sambandi við brúargerð svo sérstæðir, að þörf er á, að nákvæm rannsókn fari fram á allri aðstöðu, áður en til framkvæmda kemur. Þess vegna er tillaga þessi flutt.